



Sveitarfélagið Skagafjörður
Sigfús Ingi Sigfússon, sveitarstjóri
Skagfirðingabraut 17
550 Sauðárkrúkur

UMHVERFIS- OG
AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 101 Reykjavík
sími: 545 8600 postur@uar.is
umhverfisraduneyti.is

Reykjavík 6. nóvember 2020
Tilv.: UMH20110005/8.14

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið vísar til erindis Sveitarfélagsins Skagafjarðar, dags. 4. nóvember sl., þar sem óskað er eftir tímabundinni undanþágu frá kröfu um starfsleyfi til að urða riðusýkt hræ á sorpurðunarsvæðinu á Skarðsmóum á Sauðárkróki þar sem áður var urðaður lífrænn úrgangur. Í beiðninni kemur fram að verið sé að bregðast við stöðu sem upp sé komin í kjölfar riðusmits á fjórum bæjum í Skagafirði. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið hafi gefið viðkomandi bændum og Matvælastofnun fyrirskipun um niðurskurð fjárstofns og förgun riðusmitaðs úrgangs á viðkomandi býlum og ekki sé unnt að brenna öll hræ á til þess bærum stað þannig að ljóst sé að urða þurfi nokkurt magn hræja. Sveitarfélagið Skagafjörður hyggist urða þau hræ á sorpurðunarsvæðinu á Skarðsmóum á Sauðárkróki þar sem áður hafi verið urðaður lífrænn úrgangur. Reiknað sé með að urðun taki skamman tíma og að urðun lokinni verði vöktun í samræmi við þinglýst lokunarfyrirmæli. Sveitarfélagið hafi sótt um starfsleyfi fyrir framkvæmdinni til Umhverfisstofnunar.

Í 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, er kveðið á um að allur atvinnurekstur, sbr. viðauka I, II og IV, skuli hafa gilt starfsleyfi, sbr. þó 8. gr. Ráðherra er heimilt samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998, ef ríkar ástæður mæla með og að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og eftir atvikum heilbrigðisnefndar, að veita tímabundna undanþágu frá starfsleyfi, enda sé komin fram fullnægjandi starfsleyfisumsókn til útgefanda starfsleyfis og, ef við á, að fyrir liggja mat á umhverfisáhrifum eða niðurstaða um matskyldu starfseminnar, sbr. 1. másl. 4. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Þá fellur framkvæmdin undir lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 sem innleiða tilskipun 2011/92/ESB eins og henni var breytt með tilskipun 2014/52/ESB. Í því felst að óheimilt er að gefa út starfsleyfi til framkvæmdar fyrr en mat á umhverfisáhrifum liggur fyrir eða ákvörðun um að framkvæmd sé ekki matskyld. Ráðherra er þó heimilt á grundvelli 3. mgr. 5. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, í sérstökum undantekningartilvikum, að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar, að ákveða að tiltekin framkvæmd, eða hluti hennar, sem varðar almannaheill og/eða öryggi landsins sé ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögnum. Í slíkum tilvikum skal ráðherra kveða á um hvaða gögnum skuli safnað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar og aðgang almennings að þeim og kynna framkvæmdaraðila, leyfisveitendum og almenningi ástæður fyrir undanþágunni.

1) Minnisblað Matvælastofnunar og Umhverfisstofnunar

Matvælastofnun og Umhverfisstofnun sendu ráðuneytinu sameiginlegt minnisblað, dags. 5. nóvember sl., vegna sóttmengaðs úrgangs í Tröllaskagahólfi. Í minnisblaðinu eru málsatvik reifuð, sett fram rök og fyrirhuguð framkvæmd útskýrð. Fram kemur að búist sé við að skera þurfi niður fé á þremur bæjum í Tröllaskagahólfi vegna staðfesta riðusmita, þ.e. Stóru Ökrum, Syðri Hofdölum og Grænumýri. Fé á bænum Hofi hafi þegar verið skorið niður. Um sé að ræða yfir 2000 fjár eða um 160 tonn af dýrahraejum. Áætlað magn til urðunar frá umræddum bæjum sé um 70 tonn. Til viðbótar gæti þurft að urða annan sóttmengaðan úrgang, svo sem innréttingar, hey, undirburð og annað. Óvíst sé hversu mikið magn af slíkum úrgangi falli til. Jafnframt geti hugsanlega komið til niðurskurðar á fleiri nærliggjandi bæjum með tilheyrandi úrgangi. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hafi heimildir til að fyrirskipa hverjar þær ráðstafanir til förgunar og eyðingar dýra sem nauðsynlegar séu til að útrýma eða hindra útbreiðslu riðusmita, sbr. f- lið, 1. töluliðar 1. mgr. 8. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, á grundvelli neyðarsjónarmiða og að fengnum tillögum Matvælastofnunar. Reglugerð nr. 684/2017 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis innleiðir EES gerðir á þessu sviði hér á landi. Í bréfi Umhverfisstofnunar til Matvælastofnunar dags. 28. október sl. hafi verið lögð áhersla á að leitað yrði allra leiða til að farga efninu í samræmi við ákvæði 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis, en efnið fellur í 1. áhættuflokk samkvæmt reglugerðinni og ætti því að farga því með brennslu. Samkvæmt fyrrnefndri 12. gr. sé óheimilt að urða efni í 1. flokki. Hins vegar séu undantekningar að finna frá þeirri meginreglu í 19. gr. reglugerðarinnar. Umhverfisstofnun, sem sé lögbært yfirvald, sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 674/2017, geti veitt leyfi fyrir urðun á efni í 1. áhættuflokki samkvæmt e. lið 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, en sú grein undanskilur þó efni í i. lið a. liðar 8. gr. sem telji dýr sem grunur leikur á að séu sýkt af smitandi svampheilakvilla, í samræmi við reglugerð (EB) nr. 999/2001 eða dýr sem opinber aðili hafi staðfest að séu sýkt af smitandi svampheilakvilla. Í framangreindu minnisblaði kemur fram að vitað sé til þess að riða í sauðfé geti smitað lömb niður í allt að 7 mánaða aldur og falli því öll dýr á þessum bæjum undir grun um að vera sýkt af riðu og þar með undir i. lið a. liðar 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009. Ótækt sé að bíða með förgun dýranna eftir niðurstöðu sýnatöku úr hverju og einu dýri. Því sé ljóst að undanþága 19. gr. eigi ekki við um urðun þessa úrgangs.

Jafnframt kemur fram í minnisblaðinu að Umhverfisstofnun og Matvælastofnun hafi átt í samskiptum við Kölku Sorpeyðingastöð sf. um möguleika á að fullnýta afköst sorpbrennslunnar svo hægt verði að farga sem mestu af sóttmengaða úrganginum í samræmi við ákvæði 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009. Miðað við þær forsendur sem liggja fyrir á þessu stigi telji Kalka Sorpbrennslustöð sf. sig geta tekið við um 30 tonnum á viku til brennslu. Mikilvægt sé að allt fé á hverjum og einum bæ sé skorið niður á sama tíma vegna mannskaps sem kalla þurfi til við framkvæmdina, tilkostnaðar, tímaramma niðurskurðarins og velferðar dýranna þar sem bæirnir hafi ekki getu til að hýsa öll dýr versni veður. Jafnframt hafi verið litið til sjónarmiða um andlegt álag á ábúendur bæjanna, þar sem erfitt getur verið fyrir þá að upplifa niðurskurð framkvæmda mörgum sinnum. Því verði lagt upp með að skera niður í þremur áföngum, þar sem að hver og einn bær verði tekinn fyrir í hverjum áfanga. Áætlaður vinnsluhraði Kölku Sorpeyðingarstöðvar sf., þ.e. 30 tonn á viku, dugi ekki til að farga því magni af sóttmengudu úrgangi sem áætlað sé að falli til við niðurskurð hverju sinni.

Í minnisblaðinu segir að skoðaðir hafi verið möguleikar á að auka geymslu sóttmengaða úrgangsins, svo sem með kælingu og frystingu. Ekki hafi fengist upplýsingar um að tiltækir séu nægilega öflugir frystigámar til þess að frysta hræin. Frystigeymslur hér á landi séu almennt notaðar til að geyma matvæli og ekki sé leyfilegt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1069/2009 að fara með efni í áhættuflokki 1 inn í slíkar geymslur. Undanþága frá því væri ef starfstöðvar hefðu leyfi til að taka á móti slíku efni sem matvælafyrirtæki hafa ekki. Matvælafyrirtæki hafi ekki heimild til

Þess að taka á móti, vinna eða geyma hræ og mega einungis meðhöndla þær aukaafurðir sem falli til á þeirra eigin starfstöð. Jafnframt hafi verið skoðaðir aðrir möguleikar en brennsluofn Kólku sorpeyðingarstöðvar sf. til að koma efninu til brennslu, m.a. í brennsluofnum sláturhúsa. Matvælastofnun telji að hér gildi sama ákvæði og um matvælafyrirtæki, þ.e. að sláturhús megi ekki taka á móti sóttmengudum hræjum til eyðingar en einnig þurfi að taka tillit til þess að umræddir ofnar séu einungis gerðir til að brenna litlu magni af áhættuvef í einu og því ekki heppilegir til þess að eyða skrokkum í þessu magni. Í umræðuna hafi einnig komið fram hugmynd um notkun á færanlegum brennsluofni, en engin slíkur ofn sé starfræktur hér á landi.

Samkvæmt framangreindu er það mat umræddra stofnana að ekki séu tiltæk úrræði hér á landi til þess að brenna áætlað magn af sóttmengudum úrgangi sem muni falla til við niðurskurð fjárins í Tröllaskagahólfi og uppfylli ákvæði 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009 innan ásættanlegs tímaramma. Því telji stofnanirnar að á grundvelli þessa ómöguleika þurfi að veita sérstaka heimild til urðunar þess sóttmengaða úrgangs sem ekki sé unnt að koma til brennslu. Urðun úrgangs sé starfsleyfis skyld starfsemi samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Umhverfisstofnun telji því að ef komi til urðunar á sóttmengaða úrganginum væri æskilegast að urðunin færi fram á viðurkenndum urðunarstað sem hafi tilskilið starfsleyfi. Enginn urðunarstaður sé hins vegar starfræktur í Tröllaskagasóttvarnarhólfi. Litið hafi verið til annarra urðunarstaða í öðrum nálægðum sóttvarnarhólfum, t.d. Norðurá bs. í Stekkjarvík við Blönduós og í Laugardal í Norðurþingi. Með tilliti til sóttvarna sé ekki ásættanlegt að færa efnið til urðunar á svæðum sem teljist frí frá riðu og því komi þessir starfræktu urðunarstaðir síður til greina. Húna- og Skagafjarðarhólf, þar sem að aflagður urðunarstaður að Skarðsmóum er staðsettur, sé hins vegar þekkt riðusvæði og hafi riða komið upp í því hólfi nú síðast í janúar sl. Því telji stofnanirnar ákjósanlegast að koma efninu á aflagðan urðunarstað að Skarðsmóum í Skagafirði. Urðunarstaðurinn að Skarðsmóum hætti starfsemi árið 2014 og vöktun hans fari fram eftir fyrirmælum um frágang og vöktun svæðisins sem gefin hafi verið út af Umhverfisstofnun þann 13. ágúst 2014. Slíkur flutningur sóttmengaðs úrgangs, í lekaheldum gámum, milli sóttvarnarhólfa sé talinn ásættanlegur. Jafnframt liggi fyrir að riðusmitað efni hafi áður verið urðað á urðunarstaðnum að Skarðsmóum. Dýralæknar Matvælastofnunar muni við niðurskurð fjárins stefna að því að forgangsraða sóttmengudu fénu í gáma. Verði lagt upp með að láta þau dýr, sem fyrir liggi að mesta smitáhættan sé af, fara í brennslu í Kólku Sorpeyðingarstöð sf. Slík forgangsriðun sé til þess fallin að lágmarka smithættu á urðunarstaðnum að Skarðsmóum eftir fremsta mögulega megni án þess þó að koma í veg fyrir hana. Urðun sóttmengaða úrgangsins að Skarðsmóum kalli líklega ekki á aukna vöktun svæðisins m.t.t. mengunarvarna og reglugerðar um urðun úrgangs en kalli hugsanlega á endurskoðun fyrirmæla um frágang m.t.t. framkvæmdarinnar. Hins vegar geti komið til að setja þurfi skilyrði á urðunarstaðinn m.t.t. sóttvarna, svo sem að ekki megi rjúfa jörð á urðunarstaðnum þar sem vitað sé að riðusmitefni finnist á þessum stað.

2) Umsagnir vegna beiðni um undanþágu

Í samræmi við ákvæði 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir sendi ráðuneytið erindið til umsagnar Umhverfisstofnunar. Afrit var sent á Matvælastofnun, Skipulagsstofnun, Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra og sóttvarnarsvið Embætti landlæknis.

2.1. Umsögn Umhverfisstofnunar

Umsögn Umhverfisstofnunar barst ráðuneytinu með bréfi, dags. 4. nóvember sl. Í umsögn stofnunarinnar er vísað til framangreinds minnisblaðs Umhverfisstofnunar og Matvælastofnunar dags. sama dag, þar sem greint er frá aðstæðum og þeim ríku ástæðum sem mæli með því að veita undanþágu frá kröfu um starfsleyfi. Þá er einnig vísað til þess að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hafi, með vísan til 8. gr. laga nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, fyrirskipað niðurskurð fjárstofns og hreinsun húsa og umhverfis í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 651/2001, um útrýmingu riðuveiki og bætur vegna niðurskurðar. Á grundvelli sama ákvæðis hafi sá ráðherra auk þess fyrirskipað förgun og eyðingu riðusmitaðs úrgangs í

samráði við umhverfisyfirvöld. Samkvæmt 3. mgr. 7. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir skuli útgefandi starfsleyfis vinna tillögur að starfsleyfi og auglýsa opinberlega hvers efnis þær eru og hvar megi nálgast þær. Heimilt sé að gera skriflegar athugasemdir við tillögur útgefanda starfsleyfisins innan fjögurra vikna frá auglýsingu. Umhverfisstofnun hafi borist umsókn um starfsleyfi þann 4. nóvember 2020, yfirfarið umsóknina og telji hana fullnægjandi. Umhverfisstofnun telji að skilyrði fyrir tímabundinni undanþágu séu uppfyllt, að því gefnu að ráðuneytið fallist á að víkja frá kröfu um mat á umhverfisáhrifum, að fenginni umsögn frá Skipulagsstofnun. Umhverfisstofnun geri ekki athugasemd við að umbeðin undanþága verði veitt að uppfylltum tilteknum skilyrðum.

2.2. Umsögn Sóttvarnalæknis

Í umsögn sem barst með tölvupósti frá sóttvarnalækni 4. nóvember sl. segir að sóttvarnalæknir telji æskilegast að brenna öll hræ sem falla til vegna riðu vegna þess hve sýkillinn geti verið harðgerður í jarðveginum. Ef ekki sé möguleiki á brennslu sé eini kosturinn að grípa til urðunar. Riðuveiki sé ekki hættuleg heilsu manna og engar vísbendingar um að neytendum eða starfsmönnum sauðfjárbúa eða sláturhúsa sé hætta búin vegna hennar. Því geri sóttvarnalæknir ekki athugasemd við umrædda urðun ef aðilar málsins séu sammála henni og styðji tímabundna undanþágu frá kröfu um starfsleyfi á sorpurðunarsvæðinu á Skarðsmóum á Sauðárkróki þar sem áður hafi verið urðaður lífrænn úrgangur.

2.3. Umsögn Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra

Í umsögn sem barst með tölvupósti frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra 5. nóvember sl. er ábending um að höfð séu til hliðsjónar vinnubrögð í nágrennaríkjum í sambærilegum málum og bent á að fjallað sé um neyðarförgun í reglugerð nr. 674/2017, sem hafa þurfi til viðmiðunar í máli þessu.

2.4. Umsögn Skipulagsstofnunar

Óskað var eftir umsögn Skipulagsstofnunar gagnvart veitingu undanþágu frá ákvæðum laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum á grundvelli 3. mgr. 5. gr. laganna. Í umsögn stofnunarinnar frá 5. nóvember 2020 kemur fram að Urðunarstaðurinn Skarðsmóar í Sveitarfélaginu Skagafirði hafi hlotið starfsleyfi í desember 1987, sem hafi heimilað urðun á öllum heimilis- og rekstrarúrgangi úr Skagafirði. Starfsleyfið hafi verið ótímabundið og ekki hafi þar verið tilgreint það magns sem heimilt hafi verið að urða. Starfsleyfið hafi fallið úr gildi með útgáfu fyrirmæla um frágang og vöktun urðunarstaðarins 13. ágúst 2014 og frágangi á urðunarstaðnum lokið. Urðunarstaðurinn hafi ekki hlotið málsmeðferð samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum enda hafið starfsemi áður en fyrstu lögum um mat á umhverfisáhrifum hafi tekið gildi hér á landi. Fyrir liggja lokunaráætlun urðunarstaðarins frá árinu 2012. Þar sé m.a. að finna lýsingu á staðháttum og hvernig staðið hafi verið að vöktun á meðan urðun hafi farið fram. Þá sé þar að finna niðurstöður vöktunar og mælinga á rekstartíma sem og áætlun um vöktun og frágang eftir lokun. Samkvæmt lokunaráætluninni sé talið að um 250.000 tonn af úrgangi hafi verið urðuð á staðnum á árunum 1987 til 2012 og að riðufé hafi áður verið urðað á svæðinu. Helstu hættur sem geti stafað af urðunarstað eftir lokun felist í hættu á mengun vatns í fjöru neðan urðunarstaðar og í læk á svæðinu vegna hættu á ofauðgun vegna næringarefna og þörungavaxtar, sem og hætta vegna gasmyndunar. Hvorki sé talið að gasmyndun verði veruleg á urðunarstaðnum né að gasflæði sé út um yfirborð sem ógnað geti íbúum eða öðrum sem um svæðið fara. Hins vegar geti veruleg hætta skapast séu byggingar eða lokuð rými byggð á urðunarreinum eða nærri þeim. Einnig gæti hætta hugsanlega skapast ef sig verði á yfirborði vegna niðurbrots og rúmmálsminnkunar úrgangs og minni sprungur gætu opnast í kjölfarið. Í niðurstöðum lokunaráætlunar segir að vöktun á rekstartíma hafi ekki leitt í ljós nein sérstök neikvæð umhverfisáhrif sem taka þurfi á við lokun urðunarstaðarins, nema ef væri meðhöndlun á vatni í læk á norðanverðu svæðinu eða vatni sem fram komi neðan urðunarstaðar. Samkvæmt upplýsingum frá Umhverfisstofnun hafi sýnataka síðast farið fram árið 2016 og niðurstöður hennar bendi til að mengunar gæti ekki frá urðunarstaðnum. Í umsögn Skipulagsstofnunar eru reifuð ákvæði 3. mgr. 5. gr. laga um mat á

umhverfisáhrifum nr. 106/2000 ásamt 3. mgr. 1. gr. og 4. mgr. 2. gr. tilskipunar 2011/92/ESB eins og henni var breytt með tilskipun 2014/52/ESB auk leiðbeininga framkvæmdastjórnar ESB um beitingu þeirra. Í þeim komi fram að dýrasjúkdómar og útbreiðsla þeirra geti haft alvarlegar félagslegar og hagrænar afleiðingar og þannig fallið undir 3. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar. Skipulagsstofnun telji að markmiði framkvæmdarinnar verði ekki náð verði málsmeðferð á grundvelli laga um mat á umhverfisáhrifum fylgt enda megi vera ljóst að mikilvægt sé að hefta útbreiðslu veikinnar sem fyrst og öll töf á framkvæmdinni gæti gert ástandið verra. Jafnframt telji Skipulagsstofnun að það ástand sem upp hefur komið geti flokkast sem neyðartilvik sem varði almannaheill enda geti útbreiðsla riðuveiki haft alvarlegar félagslegar og hagrænar afleiðingar í sveitum landsins. Að mati Skipulagsstofnunar séu umhverfisáhrif urðunar að Skarðsmóum mikið til þekkt enda hafi þar verið starfræktur urðunarstaður til fjölda ára. Á starfstíma hafi verið urðað umtalsvert magn eða um 250.000 tonn og sé það magn sem til standi að urða afar lítið í samanburði. Fyrir liggja lokunarskýrsla urðunarstaðarins þar sem fjallað sé um helstu umhverfisvandamál sem komið hafi upp. Þá liggja fyrir niðurstöður vöktunar frá rekstartíma og eftir að urðunarstaðnum var lokið. Í ljósi þess hve aðkallandi sé að ráðist verði í framkvæmdir telji Skipulagsstofnun ekki þörf á að frekari upplýsingar liggja fyrir um umhverfisáhrif áður en undanþága sé veitt eða að ráðist verði í gerð annars konar mats. Mikilvægara sé að í undanþágu frá starfsleyfi verði kveðið á um vöktun svæðisins og frágang. Jafnframt sé ástæða til að skoða í kjölfar veitingu undanþágu hvort ástæða sé til að uppfæra lokunaráætlun í þeim tilgangi að draga sem framast er unnt úr umhverfisáhrifum urðunar og tryggja góðan frágang.

3) Forsendur og niðurstaða ráðuneytisins

3.1. Mat á umhverfisáhrifum

Markmið laga nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, er m.a. að fylgjast með og hindra útbreiðslu dýrasjúkdóma og vinna að útrýmingu þeirra og að tryggja að búfjárafurðir, framleiddar í landinu eða sem fluttar eru til landsins, verði sem heilnæmastar. Í reglugerð nr. 651/2001 er fjallað um riðu í sauðfé. Samkvæmt reglugerðinni skal yfirdýralæknir, ef riðuveiki fæst staðfest, leggja til við landbúnaðarráðherra að viðkomandi hjörð verði lógað hið fyrsta. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hefur heimildir til að fyrirskipa hverjar þær ráðstafanir til förgunar og eyðingar dýra, sem nauðsynlegar eru til að útrýma eða hindra útbreiðslu riðusmita sbr. f- lið, 1. töluliðar 1. mgr. 8. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim. Markmið ráðstafana skv. 8. gr. er að afstýra hættu og tjóni af völdum útbreiðslu tilkynningaskyldra og skráningaskyldra sjúkdóma, þ.m.t. riðu. Eftir því sem tíminn líður eykst hættu á smitdreifingu þar sem virk smit eru lengur í umhverfinu með hættu á dreifingu. Þannig er ljóst að aðgerðir til að sporna gegn riðu fela í sér aðgerðir í þágu almannahagsmuna og að nauðsynlegt er að grípa til skjótra aðgerða. Aðgerðirnar eiga sér stoð í lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

Á grundvelli 3. mgr. 5. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum er ráðherra heimilt í sérstökum undantekningartilvikum, að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar, að ákveða að tiltekin framkvæmd, eða hluti hennar, sem varðar almannaheill og/eða öryggi landsins sé ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögnum. Í slíkum tilvikum skal ráðherra kveða á um hvaða gögnum skuli safnað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar og aðgang almennings að þeim og kynna framkvæmdaraðila, leyfisveitendum og almennungi ástæður fyrir undanþágunni. Að mati ráðuneytisins fela aðgerðir til að sporna gegn riðu í sér aðgerðir í þágu almannahagsmuna og nauðsynlegt er að grípa til skjótra aðgerða þó það gangi gegn tilgangi framkvæmdarinnar að hún sæti meðferð samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum. Aðgerðirnar eiga sér stoð í lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim. Þá liggur fyrir að kannaðir hafi verið aðrir möguleikar til að farga hinum sóttmengaða úrgangi sem ekki næst að brenna og koma ekki aðrir möguleikar til greina en urðun. Að mati ráðuneytisins getur útbreiðsla riðuveiki haft alvarlegar félagslegar og hagrænar afleiðingar í sveitum landsins. Er það því mat ráðuneytisins að skilyrði 3. mgr. 5. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum séu uppfyllt enda um að ræða framkvæmd sem varðar almannaheill og að markmiði framkvæmdarinnar verði ekki náð verði hún háð mati á umhverfisáhrifum enda mikilvægt að hefta útbreiðslu riðu sem fyrst. Því hefur umhverfis- og

auðlindaráðherra ákveðið að undanskilja umrædda framkvæmd lögum um mat á umhverfisáhrifum skv. 3. mgr. 5. gr. laga nr. 106/2000, og að nauðsynleg gögn um umhverfisáhrif hennar liggi fyrir í lokunaráætlun urðunarstaðarins Skarðsmóum frá sveitarfélaginu Skagafirði frá september 2012. Ráðuneytið mun tryggja aðgang almennings að þeim gögnum og kynna framkvæmdaraðila, leyfisveitenda og almenningi ástæður þessari undanþágu veitta á grundvelli laga um mat á umhverfisáhrifum.

3.2. Undanþága frá starfsleyfi

Samkvæmt gögnum málsins sækir Sveitarfélagið Skagafjörður um starfsleyfi til Umhverfisstofnunar hinn 4. nóvember 2020 og hefur stofnunin metið umsóknina fullnægjandi. Um er að ræða sóttmengaðan úrgang í Tröllaskagahólfi. Á bæjunum Stóru Ökrum, Syðri Hofdölum og Grænumýri hefur riða verið staðfest og sjávar- og landbúnaðarráðherra hefur á grundvelli neyðarsjónarmiða fyrirskipað förgun og eyðingu þessara dýra til að útrýma eða hindra útbreiðslu riðusmita. Leitað hefur verið allra leiða til að farga efninu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir. Fyrir liggur að Kalka Sorpeyðingarstöð sf., getur tekið við og brennt um 30 tonnum á viku, en það dugir ekki til að farga því magni af sóttmengunum úrgangi sem áætlað er að falli til við niðurskurð hverju sinni. Því er áætlað að um 70 tonn frá framangreindum bæjum þurfi að fara til urðunar og hugsanlega kemur til niðurskurðar á fleiri nærliggjandi bæjum og þörf á að urða hræ sem ekki er hægt að koma í brennslu. Tekin hafa verið heilasýni úr nánast öllu fullorðnu fé í Tröllaskagahólfi og áætlað er að rannsókn um á þeim sýnum verði lokið í febrúar. Mikilvægt er að allt fé á hverjum og einum bæ verði skorið niður á sama tíma til að sporna gegn dreifingu riðusmits. Þá verður að líta til sjónarmiða um andlegt álag á ábúendur þar sem erfitt getur verið fyrir þá að upplifa niðurskurð framkvæmda mörgum sinnum. Þá liggja mengunar- og hollustuháttar sjónarmið til grundvallar, m.a. að tryggt sé að vatnsból spillist ekki.

Ýmsir möguleikar hafa verið skoðaðir og niðurstaðan að best er að koma sem mestu í brennslu og einungis urða það sem kemst ekki í brennslu. Fram er komið að skoðaðir hafi verið möguleikar á að auka geymslu sóttmengaða úrgangsins s.s. með kælingu og frystingu. Ekki hafa fengist upplýsingar um að tiltækir séu nægilega öflugir frystigámar til þess að frysta dýrahrein. Jafnframt hafa verið skoðaðir aðrir möguleikar en brennsluofn Kólku Sorpeyðingarstöðvar sf. til að koma efninu til brennslu, m.a. í brennsluofnum sláturhúsa. Ekki hefur tekist að greina raunhæfa möguleika á því að auka geymslu sóttmengaða úrgangsins í því augnamiði að brenna. Verður því ekki hjá því komist að urða þau hræ sem ekki komast í brennslu. Annar sóttmengaður úrgangur, svo sem innréttingar, hey og undirburður, er ekki háður tímaramma niðurskurðar og getur því farið í löglegan farveg fyrir meðhöndlun úrgangs hjá rekstraraðila sem til þess hefur tilskilin leyfi.

Í ljósi framangreinds, að aðgerðir til að sporna gegn riðu feli í sér aðgerðir í þágu almannahagsmuna, nauðsyn þess að grípa til skjótra aðgerða, umsagnar Umhverfisstofnunar; sóttvarnalæknis, Skipulagsstofnunar, sameiginlegs minnisblaðs Umhverfisstofnunar og Matvælastofnunar og í samræmi við ákvæði 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 1. másl. 4. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit eru að mati ráðuneytisins ríkar ástæður sem mæla með tímabundinni veitingu undanþágu frá starfsleyfi, sérstaklega í ljósi þess að ekki er mögulegt að setja allan þann úrgang sem fellur til í brennslu. Fellst ráðuneytið því á að veita Sveitarfélaginu Skagafirði, kt. 550698-2349, sem rekstraraðila, tímabundna undanþágu frá starfsleyfi til að taka á móti og urða allt að 100 tonnum af sauðfé úr Tröllaskagahólfi sem grunur leikur á að, eða opinber aðili hefur staðfest að séu sýkt af smitandi svampheilakvilla og ekki er unnt að koma í brennslu í samræmi við reglugerð (EB) nr. 999/2001, sbr. i. lið a. liðar 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009. Undanþágan gildir einnig um dýr sem eru aflífuð í tengslum við ráðstafanir til að útrýma smitandi svampheilakvilla, sbr. ii. liður a. liðar 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009. Undanþága þessi gildir einungis um hræ sem ekki er hægt að koma í brennslu.

Undanþágan er bundin eftirfarandi skilyrðum:

1. Rekstraraðili skal beita góðum starfsreglum við móttöku úrgangsins og urðun hans, með aðgerðum til að draga úr hugsanlegum umhverfisáhrifum. Gerðar skulu nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir mengunaróhöpp og draga úr afleiðingum þeirra.
2. Fara skal þannig með allan úrgang við meðhöndlun að tryggt sé að hann valdi sem minnstum óþrifnaði eða ónæði, svo sem foki úrgangsefna, ryki, ólykt eða hávaða.
3. Aðgangur að urðunarstaðinum skal vera takmarkaður og svæðið afgirt með fjárheldri girðingu. Verkstjóri á urðunarstað skal tryggja að skepnur hafi ekki aðgang að urðunarstaðnum hvorki þegar urðun fer fram né þegar staðurinn er lokaður.
4. Verði vart við meindýr eða vargfugl skal séð til þess að þau hafist ekki við eða taki sér bólfestu á athafnarsvæði rekstraraðila, að teknu tilliti til laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.
5. Úrganginn skal flytja í lokuðum og lekaheldum flutningstækjum og tryggja að ekkert leki frá þeim.
6. Skrá skal upplýsingar um magn og gerð þess úrgangs sem urðaður er á urðunarstaðnum í Skarðsmóum á gildistíma þessarar undanþágu og senda til upplýsingar um það til Umhverfisstofnunar og Matvælastofnunar.
7. Úrganginn skal hylja jarðvegi þegar í stað eftir að honum hefur verið komið fyrir í urðunarrein. Við endanlegan frágang skal urðunarrein hulin jarðvegslagi, eða lagi úr sambærilegu efni, a.m.k. 1 metra þykku, þannig að regnvatn renni greiðlega af þeim og sig regnvatns ofan í úrganginn sé lágmarkað. Óheimilt er að nota efni sem getur haft í för með sér fok, ónæði eða ólykt.
8. Gryfjan skal vera merkt með skýrum hætti og hnitsett.
9. Rekstraraðila ber að hreinsa þá mengun sem kann að verða við óhöpp eða önnur atvik, á sinn kostnað og sjá um að koma í veg fyrir að mengunarefni haldi áfram að breiðast út.
10. Verði óhapp sem þarfnast tafarlausa aðgerða skal hafa samband við neyðarlínuna 112.
11. Tilkynna skal Umhverfisstofnun um mengunaróhapp eins fljótt og mögulegt er. Jafnframt skal Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra upplýst um óhöpp. Í tilkynningu skal greina eftirlitsaðila frá hættu á neikvæðum afleiðingum fyrir umhverfið.
12. Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi, sbr. lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð, og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.
13. Verði frávik skal rekstraraðili upplýsa eftirlitsaðila tafarlaust um það og grípa tafarlaust til nauðsynlegra ráðstafna til að tryggja að öllum kröfum vegna starfseminnar sé framfylgt eins fljótt og auðið er.
14. Rekstraraðili skal fara yfir það með Umhverfisstofnun hvort þörf er á að uppfæra lokunaráætlun í þeim tilgangi að draga sem framast er unnt úr umhverfisáhrifum urðunar og tryggja góðan frágang.
15. Að öðru leyti gilda fyrirmæli um frágang og vöktun sem voru gefin út af Umhverfisstofnun þann 13. ágúst 2014.

Umhverfisstofnun fer með mengunarvarnaeftirlit með starfsemi rekstraraðila í samræmi við ákvæði X. kafla reglugerðar nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Ber rekstraraðila að fylgja fyrirmælum Umhverfisstofnunar um kröfur og starfshætti sem varða mengunarvarnir. Eftirlit felst m.a. í reglubundinni skoðun á vettvangi, móttöku athugasemda, fyrirspurna og yfirferð gagna sem rekstraraðila ber að skila. Viðbótareftirlit getur farið fram, m.a.

vegna kvartana, rannsóknar á alvarlegum ábendingum vegna umhverfisins, alvarlegum umhverfisslysum, óhöppum og tilvikum, þar sem reglum er ekki fylgt. Eftir hverja vettvangsheimsókn skal eftirlitsaðili taka saman skýrslu með lýsingu á því sem fram kom og skiptir máli varðandi það hvort starfsemin sé í samræmi við sett skilyrði ásamt niðurstöðum um hvort frekari aðgerðir eru nauðsynlegar. Skýrslan skal gerð aðgengileg á vefsíðu Umhverfisstofnunar eftir að rekstraraðili hefur fengið tækifæri til að koma að athugasemdum og brugðist hefur verið við þeim. Athugasemdirnar skulu eftir atvikum birtar með skýrslunni. Sveitarfélagið Skagafjörður ber ábyrgð á kostnaði af eftirliti eftirlitsaðila. Almennigur á rétt á aðgengi að upplýsingum um mengunareftirlit í samræmi við 6. gr. og IV. viðauka reglugerðar nr. 550/2018.

Vakin er athygli á að Umhverfisstofnun gæti í eftirliti þurft að setja fram kröfur sem ekki koma fram í skilyrðum hér að framan.

Fylgi rekstraraðili ekki skilyrðum undanþágu þessara, ákvæðum laga og reglugerða á starfssviði sínu eða fyrimælum Umhverfisstofnunar getur stofnunin beitt ákvæðum XVII. kafla í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir ef frávik verða. Stofnuninni er m.a. heimilt að veita minningu og hæfilega fresti til úrbóta, ákveða rekstraraðila dagsektir og stöðva starfsemi til bráðabirgða eða takmarka hana til bráðabirgða, sé um alvarlega hættu, alvarlegt tilvik eða ítrekað brot að ræða eða ef aðilar sinna ekki úrbótum innan tiltekins frests. Umhverfisstofnun getur lagt á stjórnvaldssektir sbr. 67. gr. laga nr. 7/1998.

Umhverfisstofnun skal birta undanþágu þessa á vefsíðu sinni sem og eftirlitsskýrslur henni tengdar.

Undanþága þessi gildir til og með 30. apríl 2021.

Framangreint tilkynnist hér með.

Fyrir hönd ráðherra

Sigurbjörg Sæmundsdóttir

Agnar Bragi Bragason

Afrit:
 Umhverfisstofnun
 Matvælastofnun
 Skipulagsstofnun
 Sóttvarnalæknir
 Heilbrigðisnefnd_Norðurlands_eystra
 Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið